PRENTAÐ: mánudagur, 6. desember 2021 11:19:18




AFSTÖÐUMYND
MKV. 1:500

**SKÝRINGAR:**

Sótt er um leyfi til að setja upp nýjan 120 $m^3$ gasgeymi, matshluti 05, og tilheyrandi stjórnbúnaðarhúsi, matshluti 06, með tæknibúnaði fyrir gasgeyminn á lóð Gasfélagsins Víkurgötu 11, 220 Straumsvík Hafnarfirði. Gasgeyminum og gámnum fylgja tilheyrandi steyptum undirstöðum ásamt því sem árekstrarvarnir verða settar í kringum gasgeyminn.

Um er að ræða stálgeymi fyrir própan gas sem leyfilegt verður að geyma allt að 51 tonn af própangasi. Gasgeymirinn hvílir á steyptum undirstöðum og tryggilega festur við undirstöður með viðeigandi festingum. Með gasgeyminum fylgir 20 feta gámur sem inniheldur tilheyrandi eimara og stjórnbúnað fyrir gasgeyminn. Tilhlýðilegar árekstrarvarnir verða byggðar í kringum gasgeyminn og hann varinn fyrir eldi með sérstöku deluge vatnsúðakerfi.

Um öryggi og brunavarnir vísast í samantekt á brunavörnum og sérstaka greinargerð Mannvits um brunavarnir, dagsett í nóvember 2021.

Landnúmer: L176859 Staðgreinir:1400-1-94300110

**SAMANTEKT BRUNAVARNA:**

**Forsendur**

Gasfélagið hyggst setja upp nýjan 120 $m^3$ gasgeymi sem staðsettur verður á lóðinni, ofanjarðar nálægt núverandi birgðageymum sem allir eru fergjaðir með jarðvegi. Miðað við 85% fyllingu rúmar geymirinn um 52 tonn af própangasi en til að vera undir mörkum dansks viðmiðunarstaðals er leyfileg fylling skilgreind 83% sem þýðir að hann mun rúma um 51 tonn af gasi. Jafnframt verður settur upp 20 feta gámur með tilheyrandi búnaði fyrir gasgeyminn.

Geymirinn verður dagtankur fyrir stöðina sem ásamt nýrri dælu mun leysa af hólmi dælur í tveimur eldri birgðageymum sem ekki er hægt að halda við vegna skorts á varahlutum. Af þeim sökum er nauðsynlegt fyrir Gasfélagið að setja upp þennan gasgeymi til að tryggja rekstraröryggi stöðvarinnar.

Stuðst er við amerískan staðal, NFPA 58 Liquified Petroleum Gas code, við ákvörðun á tilhlýðilegum fjarlægðarkröfum og öryggisbúnaði ásamt, dönskum reglugerðum og núgildandi reglugerð um forðageymslur fyrir F-gas.

Nánar er fjallað um brunavarnir gasgeymis í greinargerð Mannvits um brunahönnun fyrir stöðina, dagsett í nóvember 2021.

**Lagnir og búnaður**

Allar gaslagnir og tengistykki uppfylla tilskyldar kröfur, til að mynda um efnisgæði og þrýstiþol. Þar sem gaslagnir liggja með lögnum, fyrir hendi, verða undirstöður samnýttar eins og hægt er, en þar sem ekki eru lagnir fyrir hendi eru settir upp steypuklossar með undirstöðubaulum.

Eingöngu verður notaður búnaður sem er CE merktur og Ex vottaður, þar sem þess er krafist og við á. Gasgeymir er þó eins og stendur ekki CE vottaður þar sem um er að ræða eldri gasgeymi sem framleiddur var fyrir gildistöku CE reglna. Gasgeymirinn uppfyllir þó allar evrópskar öryggiskröfur og liggur fyrir úttektarskýrsla frá viðurkenndum úttektaraðila þar að lútandi.

**Fjarlægðarkröfur**

Gasgeymirinn er staðsettur með hliðsjón af fjarlægðarkröfum í NFPA 58 sem kveða á um að gasgeymirinn skal vera í a.m.k 23 m fjarlægð frá nálægum byggingum en gasgeymir verðu þó í um 25 m fjarlægð frá næstu byggingu. Fjarlægðir í næstu byggingar eru sýndar á afstöðumynd.

**Öryggisbúnaður**

Gasnemar verða settir upp í kringum geymirinn, eimara og aðra staði þar sem hætta á gasleka er til staðar. Gasnemar skulu vera í samræmi við EN-60079-29-2.

Sett verður viðurkennt slökkvikerfi utan á geymirinn, hannað og uppsett samkvæmt NFPA 15 sem kveður á um vatnsþéttleiki sé 10,2 mm/mín á yfirborð geymis. Um er að ræða opna stúta sem hleypa vatni á kerfið við boð frá hitanemar (loftfyllt kerfi, Pilot-lögn) með bræðivari utan um geymi sem gefur boð þegar þrýstingur fellur) auk þess sem hægt er að ræsa kerfið með ræsirofa nálægt inntaksrými.

Á allar lagnir sem tengjast gasgeyminum, verða settir neyðarstopplokar sem loka við boð frá gasnemum, vatnsúðakerfi eða neyðarstopphnöppum. Neyðarstopplokarnir eru viðurkenndir, neistafríir og brunaheldir.

Öryggislokar eru ofaná gasgeyminum, sem hleypir út gasi til að fyrirbyggja yfirþrýsting.

ATEX svæði, þ.e. svæði þar sem sprengifimt andrúmsloft getur myndast, verður skilgreint fyrir gasgeymsluna.

Hjá Gasfélaginu er til staðar rekstrar og öryggishandbók með tilheyrandi viðbragðsáætlunum fyrir mismunandi óhöpp sem upp geta komið. Einni er til staðar innri og ytri neyðaráætlanir félagsins.

Allt svæði Gasfélagsins er girt af með girðingum, a.m.k. 1,8 m háum. Hlið eru á svæðinu þannig að starfsmenn hafi allt tvær óháðar flóttaleiðir ef hættuástand skapast.

Til viðbótar við slökkvikerfi skal setja upp handslökkvitæki við gasgeymirinn.

Eigandi mun fylgja reglugerð um eigið eldvarnarlit í samræmi við reglugerð nr. 727/2017.

Samþykkt þann 01. DES. 2021
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

**SKÝRINGAR:**

SVÆÐI FYRIR TÓM GASHYLKI

SVÆÐI FYRIR FULL GASHYLKI

SHS 1.12.2021

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
8/12 2021

MKV. 1

0 10 20 30 40 50
1:500 (Í A1) m

ÚTGÁFUFERILL

| ÚTG. | DAGS. | SKÝRINGAR | HANNAÐ | YFIRF. | SAMÞ. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1.0 | 18.11.2021 | FRUMÚTGÁFA | LDB | GIP | LÁ |

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 6.12.2021
F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.): 141054-3259 LDB

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 6.12.2021
SAMRÆMINGARHÖNNUÐUR / HÖNNUNARSTJÓRI (NAFN OG KT.): LÁRUS ÁRSÆLSSON - Kt. 2008625119

BYGGT Á AÐALUPPDRÁTTUM - DAGS.: - ÚTGÁFA:

HÖNNUÐUR

MANNVIT
Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

HEITI VERKS

# VÍKURGATA 11
# GASTANKUR OG STJÓRNBÚNAÐARHÚS
# 220 HAFNARFIRÐI

HEITI TEIKNINGAR
AÐALUPPDRÁTTUR
AFSTÖÐUMYND
BYGGINGAR- OG BRUNAVARNALÝSING

| FRUMÚTGÁFA | MKV. | STÆRÐ |
|---|---|---|
| 18.11.2021 | 1:100 | A1 |

| VERKNÚMER | VERKHLUTI | TEIKNINGANÚMER | ÚTGÁFA |
|---|---|---|---|
| 2110190 | 000 | CDR-0001 | 1.0 |